


# OECD *Multilingual Summaries*

## OECD Employment Outlook 2012

Summary in Icelandic



Read the full book on:  
[10.1787/empl\\_outlook-2012-en](http://dx.doi.org/10.1787/empl_outlook-2012-en)

---

## OECD Horfur í atvinnumálum 2012

Útdráttur á íslensku

- Þessi 30. útgáfa af OECD Horfum í atvinnumálum gerir úttekt á nýlegri þróun á vinnumarkaði og möguleikum til skamms tíma í OECD löndum. Niðurstaðan er sú að batinn eftir nýlega efnahags- og fjármálakreppu hefur verið hægur og ójafn. Atvinnuleysi er enn óæskilega hátt í mörgum löndum og langtíma atvinnuleysi hefur aukist og þar með hættan á að hátt atvinnuleysstig verði viðvarandi.
- Greining á hvernig vinnumarkaðir standa af sér efnahagsleg áföll leiðir í ljós að áætlanir um lækkun á heildaratvinnuleysi stuðla einnig að því að draga úr óæskilegum áhrifum af efnahagslegum lægðum á atvinnuleysi, tekjutapi og launamismunun. Skýrslan greinir frá minnkandi hlut atvinnu í þjóðartekjum sem orðið hefur vart í mörgum OECD löndum, aðallega sem afleiðing af hnattvæðingu og tæknibreytingum. Auknar fjárfestingar í menntun og markvissari áætlanir um skattlagningu og fjármagnsflutninga geta stuðlað að því að tryggja að afrakstrinum af hagvexti sé skipt á breiðari grundvelli.
- Að lokum eru athuguð þau áhrif sem tilraunir til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga hafa á vinnumarkaðinn. Sumir geirar gætu gengið í gegnum miklar breytingar á atvinnu jafnvel þó heildaráhrifin á atvinnu kunni ef til vill að vera lítil. Það sama gildir hér og með önnur kerfislæg áföll; gera þarf áætlanir til að auðvelda hreyfanleika á vinnumarkaði.

## Vinumarkaðir innan OECD í kjölfar kreppunnar

Atvinnuleysi í löndum OECD er áfram lítið eitt lægra en það sem það fór hæst í eftir stríð sem var 8,5% og virðist svo sem það muni halda áfram að vera hátt næsta árið eða svo. Gróflega áætlað eru um 48 milljónir manns án atvinnu: um 14,5 milljónum meira en fyrir fjármálakreppuna sem hófst 2007. Síðan batinn hófst fyrir næstum þremur árum hefur vöxturinn verið of veikburða og ójafn til að gera nema örlítið til að draga úr sífellt vaxandi atvinnuleysi innan OECD landanna.

Á sama tíma hefur ríkt gífurlegur munur milli landa hvað varðar atvinnuleysi og félagslegan kostnað sem tengist efnahagslægdinni. Atvinnuleysi hefur verið minna en 5,5% í níu OECD löndum - Ástralíu, Austurríki, Japan, Kóreu, Lúxemborg, Mexíkó, Hollandi, Noregi og Sviss en atvinnuleysið er enn í tveggja stafa tölu í níu löndum - í Eistlandi, Frakklandi, Grikklandi, Ungverjalandi, Írlandi, Ítalíu, Portúgal, Slóvakíu og Spáni.

Í mörgum löndum hefur hinn hægfara bati leitt til þess að atvinnuleitendur eru í auknum mæli að verða að jaðarhóp. Langtíma atvinnuleitendur - þeir sem hafa verið atvinnulausir og í atvinnuleit í meira en eitt ár - teljast nú vera meira en þriðjungur allra atvinnuleitenda innan OECD landanna. Hlutfall atvinnuleitenda sem hafa misst móðinn og fara út af vinnumarkaði hefur einnig aukist umtalsvert. Atvinnuleysi ungs fólks er komið á hættulega hátt stig í sumum löndum: meira en 50% í Grikklandi og á Spáni (en aðeins 8% í Þýskalandi).

Auk þess mikla skaða sem atvinnuleysi veldur á lífi þeirra einstaklinga og fjölskyldna þeirra sem fá ekki atvinnu er meiri hættu á að hluti af hinum sífellda víthring atvinnuleysis verði kerfislægt þannig að atvinnuleysi verði viðvarandi á hærra stigi í þeim löndum þar sem mest aukning þess hefur orðið. Hætta er á að þetta dragi úr framboði á starfsfólki í framtíðinni og grafi undan batanum sem einmitt ætti að vera atvinnuskapandi.

## Virkar aðgerðir til að takast á við atvinnuleysi

Hvernig eiga stefnumótandi aðilar að bregðast við? Til skamms tíma þurfa þeir að hefja aðgerðir á fjórum vígstöðvum: með almennri atvinnusköpun; með því að takast á við aukinn fjölda langtíma atvinnuleitenda; með því að auka atvinnumöguleika ungs fólks; og að tryggja að sem fæstir af þeim sem enga atvinnu hafa hverfi varanlega af vinnumarkaði. Til lengri tíma er vandamálið að efla mótstöðuafli vinnumarkaðarins, styrkja hann í að standa af sér niðursveiflur í framtíðinni með sem minnstum félagslegum tilkostnaði.

Að miklu leyti er bati á vinnumarkaði háður efnahagsbatanum í víðara samhengi og á því sviði ríkir umtalsverð óvissa, einkum á evrusvæðinu. Aðgerðir til að örva eftirspurn gætu stuðlað að eflingu hagvaxtar og atvinnusköpunar. Aukin áhersla á kerfisumbætur á afurða- og vinnumarkaði er lykilatriði varðandi bata þó gera þurfi ráð fyrir takmörkuðum möguleikum á frekari aðgerðum gegnum peningamálastefnu og fjármálastefnu í flestum OECD löndum.

Vegna hættunnar á auknu kerfislægu atvinnuleysi þarf einnig að kalla til vel hannaðar og áhrifamiklar aðgerðir í atvinnumálum til að koma atvinnuleitendum aftur í vinnu eins fljótt og unnt er og auðvelda þeim sem hætt er við langtíma atvinnuleysi að viðhalda hæfni sinni með tímabundnum atvinnutækifærum. Þær aðgerðir sem líklegastar eru til að hafa áhrif eru m.a. markvissar styrkveitingar til atvinnumála ásamt aðstoð við atvinnuleit, t.d. með beinum samtölum, aðgerðaáætlunum fyrir einstaklinga og samstarfshópum atvinnuleitenda.

Virkar aðgerðir á vinnumarkaði geta einnig stuðlað að bata. Þær gætu beinst að hindrunum í kerfinu sem koma í veg fyrir að vinnuveitendur ráði í laus störf og sem minnka möguleika atvinnuleitenda á að finna störf, ef til vill því að hæfni þeirra hefur úrelst vegna þess hve lengi þeir hafa verið án atvinnu. Því er nauðsynlegt að greina sem fyrst hvar skortur á hæfu starfsfólki er að gera vart við sig og koma auga á afmarkaða hópa atvinnuleitenda sem hafa ófullnægjandi starfshæfni en gefa þeim síðan kost á þjálfun og starfsreynslu til að hjálpa þeim aftur út á vinnumarkaðinn.

En hefur nægilegu fjármagni verið veitt í þessi virku verkefni? Enda þótt aukning á framlögum í núverandi efnahagslægd hafi verið allmiklu meiri en í fyrri kreppum hefur hún samt ekki nægt til að viðhalda verðmæti þeirra framlaga sem eru tiltæk fyrir hvern atvinnuleitenda. Þetta gæti gefið til kynna að ríkisstjórnir séu ekki sannfærðar um

að aukin fjárframlög séu hagkvæm lausn. Einnig kann þetta að gefa til kynna vandamál í sambandi við að ráða og þjálfa hæfa stjórnendur verkefna á skömmum tíma og að fjölga tækifærum til þjálfunar en samtímis að viðhalda háum gæðum.

Hættan er sú að vegna aðhaldsaðgerða í ýmsum löndum aukist álagið á þau úrræði sem eru til staðar varðandi virkar aðgerðir á vinnumarkaðnum. Þó getur verið óskynsamlegt að skera þessar áætlanir niður því það kynni að auka enn skaðann af hinu erfiða ástandi á vinnumarkaðinum og setja langtíma bata í uppnám.

## Mótstöðuafli vinnumarkaðarins

Ólíkt ástand atvinnumála í hinum ýmsu OECD löndum og áhrif efnahagskreppunnar á atvinnuleysi, atvinnutekjur og ójafna tekjudreifingu á greinilega rætur sínar að rekja að stórum hluta til mismunandi stefnumótunar og stofnana þessara landa. Stefnumótun getur eftt mótstöðuafli vinnumarkaðarins, bæði með því að jafna út skaðleg áhrif efnahagslæðarinnar á vinnumarkaðinn og að draga úr áhrifum af lægri tekjum heimilanna. Til dæmis geta skattaívilnanir í efnahagslæðum haft mikið að segja við að draga úr samfélagslegum kostnaði.

Áætlanir og stofnanir sem hafa góð áhrif á mótstöðuafli vinnumarkaðarins geta einnig leitt til bætts ástands í skipulagi vinnumarkaðarins. Þau lönd þar sem kerfislægt atvinnuleysi er lágt eru almennt í minnstri hættu á að verða fyrir auknu atvinnuleysi af völdum efnahagslæða. Þetta bendir til þess að mörg þeirra tilmæla sem sett eru fram í Endurmetinni stefnu OECD í atvinnumálum frá 2006 um að innleiða gott skipulag á vinnumarkaðinum muni sennilega einnig hafa sitt að segja til að efla mótstöðuafli vinnumarkaðarins.

Stofnanir sem sinna samræmdri gerð launasamninga leggja iðulega sitt af mörkum til að efla skipulag á vinnumarkaðinum og auka mótstöðuafli hans; en stofnanir sem leggja mesta áherslu á skammtímasamninga, svo sem ströng ákvæði um atvinnuvernd fyrir fasta starfsmenn, draga úr mótstöðuafli markaðarins.

## Hlutur vinnumarkaðarins í tekjum og umhverfissvænni þróun

Tvö önnur vandamál sem varða vinnumarkaðinn til langs tíma koma til með að kalla á viðbrögð stefnumótandi aðila. Í fyrsta lagi, hefur hlutur launa, tekna og bóta í þjóðartekjum hefur farið minnkandi í næstum öllum OECD löndunum. Í öðru lagi er vandamálið sem hefur horfið í skuggann fyrir kreppunni en mun sennilega skjóta upp kollinum aftur - um hvernig á að efla „umhverfissvæna þróun“ og hvað breytingin yfir í hagkerfi með minni notkun kolefnisafurða hefur í för með sér fyrir vinnumarkaðinn.

Minnkandi hlutur vinnumarkaðarins í þjóðartekjum gefur fyrst og fremst til kynna versnandi stöðu starfsfólks með litla þjálfun og lægsta menntun af völdum aukinnar samkeppni, innanlands sem utan, og sem afleiðing af þróun í upplýsinga- og samskiptatækni þar sem vélar koma í stað fólks í vissum störfum, aðallega þar sem mikið er um síendurtekin verk.

Ætti stefnumótun að bregðast við lækkuðum hlut vinnumarkaðarins í tekjum? Ekki er það álitlegur kostur að ætla að hægja á tækniframförum og veraldarvæðingu. En ríkisstjórnir geta búið vinnandi fólk sitt undir að keppa á með árangursríkari hætti í því sem kalla mætti „kapphlaupinu við vélarnar“. Aukin fjárfesting í mannauð - og betra samræmi milli þeirrar hæfni sem kennd er í skólum og þess sem vinnuveitendur eru að leita að - gæti verið mikilvæg leið til að takast á við lækkunina á hlut vinnumarkaðarins.

Þegar efnahagsbatinn hefur náð sér verulega á strik munu stefnumótandi aðilar sennilega snúa sér að því að takast á við vandann sem fylgir því að færast með hagkvæmum og sanngjörnum hætti yfir í efnahagskerfi þar sem minni áhersla er á notkun kolefnisafurða og aukin auðlindanýting er í fyrirrúmi. Breytingin yfir í umhverfissvæna þróun má helst skoða sem hvata til breytinga á efnahagskerfinu þar sem vinnumarkaðsstefna auk aðgerða á sviði menntunar og hæfni yrðu til þess að efla starfsfólk og vinnuveitendur til að framkvæma nauðsynlega aðlögun.

Stefnumálin sem tilgreind voru í Endurmetinni atvinnumálastefnu OECD eru grundvöllur sem er nauðsynlegt er að byggja á til að koma á þess konar kerfisbreytingum í kring. Við innleiðingu á þessum almennu aðgerðum til breytingar yfir í umhverfissvæna þróun mætti einnig leggja áherslu á „umhverfissvænt frumkvöðlastarf“ og aukna þekkingu á sjálfbærri tækni. Ein leiðin væri að efla menntun og starfsþjálfun, og sama er að segja um að tryggja að of

aðhaldssöm verndun á vinnumarkaði og stýring á framleiðsluatvinnuvegunum dragi ekki kraftinn úr hvatningunni til nýsköpunar.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal, 75116  
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**Read the complete English version on OECD iLibrary !**

OECD (2012), *OECD Employment Outlook 2012*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/empl\_outlook-2012-en